



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 24/2018

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á öryggisskipulagi og öryggi hýsingarrýma á landtökustöðum sæstrengja Farice ehf.

(málsnr. 2018010056)

I.

Inngangur

Póst- og fjarskiptastofnun gegnir viðtæku eftirlitshlutverki á sviði fjarskipta hér á landi. Fer stofnunin með umsjón framkvæmdar fjarskiptalaga nr. 81/2003 og hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Eitt af því sem fellur undir eftirlitshlutverk stofnunarinnar er að tryggja að fjarskiptafyrirtæki viðhafi ráðstafanir til að tryggja heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta. Getur stofnunin viðhaft frumkvæðisathuganir á starfsemi þeirra og krafist þau um upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála.

Farice ehf. var stofnað árið 2002 og á og rekur nú tvo sæstrengi, ljósleiðarastrengi, sem tengja Ísland við Evrópu. Í fyrsta lagi er það FARICE-1 sem fór í rekstur árið 2003 sem liggur frá Seyðisfirði til Skotlands og í öðru lagi er það DANICE sem fór í rekstur árið 2009 og liggur frá Hallgeirsey á Landeyjarsandi til Danmerkur.

Þjónusta Farice ehf. byggir á aðgangi að þessum strengjum og eru fjarskiptafélög, gagnaver, skýjaþjónustur og stærri fyrirtæki hér á landi í hópi viðskiptavina félagsins. Það er því ljóst að sú þjónusta sem að Farice ehf. býður gegnir lykilhlutverki við veitingu almennrar fjarskiptaþjónustu hér á landi með útlandasamböndum sínum. Virkni og öryggi strengjanna, og þeirrar þjónustu sem félagið veitir, er því gríðarlega mikilvæg fyrir hagsmuni landsins og allra landsmanna.

Gríðarleg aukning í gagnaflutningsþjónustu hér á landi og aukið hæði veitingu ýmissa mismunandi þjónustna gerir virkni slíkrar almennrar fjarskiptaþjónustu að grundvallarþjónustu í efnahagslegu- og samfélagslegu samhengi. Er raunlæg vernd strengjanna sjálfra mikilvægur liður til að tryggja virkni þjónustunnar sem veitt er á þeim.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar var í raun tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða úttekt á öryggisskipulagi Farice ehf. og í öðru lagi úttekt á raunlægu öryggi hýsingarrýma landtökustaða sæstrengja félagsins.

Hvað varðar fyrrnefndu úttektina var um að ræða skrifborðsúttekt á því hvort að félagið viðhafi skriflegt öryggisskipulag í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda. Úttektin fór fram á vormánuðum 2018. Það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að félagið hefi leitast við að fullnægja þeim kröfum sem ákvæði fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda kveða á um. Ákveðnar brigður hafi þó verið á öryggisskipulaginu, sér í lagi er varða gerð skriflegra öryggisráðstafana fyrir Hallgeirsey. Aftur á móti hefur félagið farið í endurskoðun á öryggisskipulagi sínu þar sem byggt er á aðferðarfræði ISO 27001 staðalsins. Póst- og fjarskiptastofnun hefur við töku ákvörðunar þessarar fengið senda nýja öryggisstefnu, áhættumat og viðbragðsáætlun félagsins.

Hvað varðar síðarnefndu úttektina þá framkvæmdi Póst- og fjarskiptastofnun úttekt á hýsingarrýmum landtökustaða FARICE-1 og DANICE. Var um að ræða hýsingarrými þar sem að strengirnir eru tengdir við landsnet Mílu ehf. í húsi. Hýsingarrými FARICE-1 er staðsett í húsnæði Mílu ehf. á Seyðisfirði og hýsingarrými DANICE er staðsett í húsnæði Farice ehf. í Hallgeirsey á Landeyjarsandi. Í sama húsnæði og DANICE er jafnframt hýstur þriðji sæstrengurinn sem tengir landið við útlönd. Um er að ræða strenginn Greenland Connect sem er í eigu Tele Greenland. Úttekt stofnunarinnar fór úttektin fram á dögnum 6. og 7. júní 2018.

Alls voru um 260 öryggisráðstafanir skoðaðar í 15 rýmum sem úttektin náði til. Niðurstöður úttektarinnar sýna að raunlægt öryggi á landtökustöðum Farice ehf. fyrir sæstrengi félagsins er vel háttáð. Hvað varðar FARICE-1 á Seyðisfirði er öryggi í langflestum tilfellum í samræmi við öryggisráðstafanir Mílu ehf., sbr. 7. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. tl. 7. gr. reglna, nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum, og valin lágmarksviðmið 10. gr. um virkni almennra fjarskiptaneta. Hið sama á við um landtökustað DANICE í Hallgeirsey en þar eru öryggisráðstafanir í langflestum tilfellum í samræmi við lágmarksviðmið 10. gr. framangreindra reglna og þær öryggisráðstafanir sem gögn málsins sýna að eigi að vera til staðar.

II.

Lagaumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk að tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið, sbr. f.-lið 2. tl. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Í þessu skyni er mælt fyrir um það 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga að sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Er í ákvæðinu settar fram þær kröfur að fjarskiptafyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Þá er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um virkni almennra fjarskiptaneta sem skulu m.a. kveða á um raunlæga vernd þeirra sem og eftirlitsúrræði stofnunarinnar, sbr. c. og h. -liði 3. mgr. ákvæðisins. Hefur Póst- og fjarskiptastofnun sett sérstakar reglur um vernd almennra fjarskiptaneta, nr. 1222/2007.

Í reglunum er kveðið á um þær lágmarks ráðstafanir sem Póst- og fjarskiptastofnun telur, eftir atvikum, nauðsynlegt að fjarskiptafyrirtækin geri til að tryggja samfelldan rekstur almennra fjarskiptaneta og raunlæga vernd þeirra. Þá er sérstaklega tilgreint að þær kröfur sem ekki koma beint fram í reglunum skulu fyrirtækin sjálf bera kennsl á með skipulegu áhættumati og viðhafa

aðgerðir til að stýra og stjórna fjarskiptanetum með tilliti til áhættu, sbr. 4 .gr. reglnanna. Er fjarskiptafyrirtækjum þannig gert að nýta sér áhrifagreiningu og áhættumat til að draga úr öllum stærri veikleikum og veilum í innviðum sínum. Eins skulu þau gera neyðaráætlun sem byggir á þeirri niðurstöðu áhættumats, sbr. í 7. gr. reglnanna en í 4. og 5. mgr. greinarinnar segir:

Í áhættumati skal greina sérstaklega alla mikilvæga innviði. Lýsa skal notkun á mikilvægu innviðunum og samtengingum þeirra við aðra hluta fjarskiptanetsins og við önnur fjarskiptanet. Ennfremur skal lýsa hvernig öryggi mikilvægu innviðanna er tryggt á besta mögulega hátt, þ.m.t. vernd gegn straumrofi, upplýsinga- og vöktunarkerfi, aukaleiðir, viðbragðsbúnaður, þjónustusamningar, vernd gegn öryggisatvikum, raunlæg vernd og hvernig er staðið að öryggisafritun.

Við gerð áhættumats skal fylgja að öðru leyti þeim leiðbeiningum sem fram koma í 7. gr. reglna Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1221/2007 um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

Í 7. gr. tilvitnaðra reglna, nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum er í 2. tl. fjallað um gerð skriflegs áhættumats með það að markmiði að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum og skal það endurskoðað reglulega. Þá skal fjarskiptafyrirtæki, skv. 3. tl. greinarinnar, gera ákveðnar öryggisráðsstafrar á grundvelli áhættumatsins og setja fram skriflegar lýsingar á þeim. Þannig skal fjarskiptafyrirtækið m.a. skilgreina hvaða öryggisráðstöfunum skuli beitt og hvernig þær verði útfærðar sem og að taka skal fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri fjarskiptaneta.

Framangreint felur í sér að Farice ehf. hefur lögbundna skyldu til að framkvæma áhættumat, skilgreina mikilvægi innviði félagsins og tryggja raunlega vernd þeirra með sérstökum öryggisráðstöfunum. Meðal annars falla hér undir rými þeirra fyrir hýsingu fjarskiptainnviða og ber Farice ehf. ábyrgð á að tryggja samfelldan og órofin rekstur fjarskiptaneta sinna með sem bestum hætti, t.a.m. með raunlægri vernd hýsingarrýma sinna.

Þannig gerir regluverkið ráð fyrir því að ábyrgðin á gerð öryggisstefnu, áhættumats og vali á öryggisráðstöfunum hvíli á fjarskiptafyrirtækjum. Eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar felst fyrst og fremst í eftirfylgni á því að framangreint sé gert, t.a.m. með því að kalla eftir gögnum varðandi öryggisstefnuna og áhættumat sem og með því að gera úttektir á því hvort valdar öryggisráðstafafrar séu til staðar og virkar. Hefur stofnunin heimild til að prófa virkni fjarskiptaneta og gera úttektir á því hvort að farið er eftir reglum nr. 1222/2007, sbr. 29. gr. þeirra.

Þótt ábyrgðin á vali á öryggisráðstöfunum sé vissulega á höndum fjarskiptafyrirtækja kveða reglur stofnunarinnar nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga á almennum fjarskiptanetum, og nr. 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta á um ákveðnar lágmarkskröfur. Þannig má finna ákvæði varðandi aðgangsstýringar að fjarskiptabúnaði, sbr. 11. gr. regna nr. 1221/2007 og ákvæði um raunlega vernd fjarskiptarýma, sbr. 10. gr. reglna nr. 1222/2007.

Í síðargreinda ákvæðinu er kveðið á um að raunlæg vernd rýma skuli endurspeglast af mikilvægi þeirra fjarskiptaneta og annars fjarskiptabúnaðar sem þau hýsa samkvæmt áhættumati. Skulu aðgangsstýringum og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum, t.d. gegn raka, vatnsleka, hita eða eldsvoða, vera beitt. Eins skulu fullnægjandi vinnuástaða og vinnuferlar vera til staðar. Í 2. mgr. greinarinnar er að finna upptalningu í 10 tl. á ákveðnum lágmarksráðstöfunum sem gera skal, eftir því sem við á, vegna rýma sem hýsa mikilvæga innviði sem lýst er í áhættumati

félagsins. Um er að ræða atriði er varða aðgangsstýringar, byggingarefni, vöktun rýmis o.fl. Í tölulíðunum segir:

1. *Koma skal í veg fyrir óleyfilegan aðgang að rýminu með traustum hurðum og læsingu.*
2. *Auðkenna skal starfsmenn og verktaka.*
3. *Aðgengi starfsmanna og verktaka skal stýrt með notkun aðgangskorta eða sambærilegra auðkenna.*
4. *Stýra skal gestaaðgangi til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang.*
5. *Byggingarefni skal vera úr eldþolnu efni.*
6. *Aðgangsstýring sem tilkynnir atburði og rekur þá til einstakra opnunareininga skal vera í rýmunum.*
7. *Leitast skal við að hafa rýmin gluggalaus við útvegg en annars skal gera ráðstafanir sem koma í veg fyrir innbrot.*
8. *Rýmin skulu útbúin rakaskynjun óháðri utanaðkomandi orkugjafa.*
9. *Rýmin skulu vera útbúin með búnaði, sem tilkynnir um eld til stjórnstöðvar og gefur viðvörðun ef umhverfisaðstæður breytast umfram það sem búnaðurinn er gerður fyrir.*
10. *Rýmið skal vera með myndupptöku-vöktunarkerfi, ásamt innbrotsviðvörðunarkerfi er sendir upplýsingar til vaktstöðvar eða stjórnstöðvar vöktunaraðila.*

Þannig geta úttektir er varða hlítinu fjarskiptafyrirtækja við framangreindar reglur, í fyrsta lagi falist í því að meta hvort fjarskiptafyrirtæki hafi sett sér skriflega öryggisstefnu, framkvæmt áhættumat og valið öryggisráðsstaðanir í samræmi við ákvæði reglnanna, og í öðru lagi að meta virkni valdra öryggisráðstafanna og þeim lágmarkskröfum sem fram koma t.a.m. fram í framangreindri 10. gr. reglna 1222/2007. Úttekt þessi tekur til hvoru tveggja, þ.e. á öryggisskipulagi Farice ehf. og mati á raunlægi vernd þeirra hýsingarrýma þar sem sæstrengir félagsins er teknir í land og tengdir inn á fjarskiptakerfi. Úttektin tekur ekki til stofnlagna sem liggja frá landtökustöðunum og mynda m.a. hinn svo kallaða Nato ljósleiðarahring.

III.

Aðferðarfræði úttektar

3.1 Almenn

Með úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar er ætlunin í fyrsta lagi að staðreyna skjalfest skipulag upplýsingaöryggis Farice ehf. og í öðru lagi staðreynnda framfylgd á kröfum um raunlæga vernd hýsingarrýma landtökustaða FARICE-1 og DANICE, þ.e. framkvæmd og eftirfylgni félagsins með þeim öryggisráðstöfunum sem það hefur valið, á grundvelli áhættumats, fyrir hýsingarrými á landtökustöðum sæstrengja félagsins, sem og lágmarkskröfur 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta.

3.2 Úttekt á öryggisskipulagi - skrifboðsúttekt

Framkvæmd úttektar er því jafnframt tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða svokallaða skrifborðs úttekt þar sem Póst- og fjarskiptastofnun kallar eftir tilgreindum gögnum til að staðreyna hvort félagið hafi framfylgt þeim kröfum sem ákvæði fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda gera til skjalfests skipulags upplýsingaöryggis. Er hér um að ræða tilvist öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats, gerð skriflegra öryggisráðstafana og neyðaráætlunar. Komi í ljós að umbeðin gögn séu ekki til staðar telst slíkt varða við hlutaðeigandi framangreind ákvæði. Að því sögðu verður þó metið, með almennum hætti, hvort ígildi slíkra skriflegra gagna séu til staðar hjá félaginu.

3.3 Úttekt á raunlægu öryggi - vettvangsathugun

Í öðru lagi er um að ræða úttekt byggða á eigindalegri aðferðarfærði með vettvangsrannsóknum þar sem hýsingarrými á landtökustað FARICE-1 á Seyðisfirði og DANICE á Landeyjarsandi eru úttektarandlag en þau verða skoðuð m.t.t. þeirra öryggisráðstafana sem tilgreindar voru og þeirra krafna sem ákvæði 10. gr. reglna nr. 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta, hefur að geyma, sbr. c lið 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga. Ef viðkomandi ráðstöfun var ekki til staðar, óvirk eða með einhverjum hætti ekki í samsæmi við ráðstöfunina leiðir það til þess að athugasemd verður gerð við raunlægt öryggi hlutaðeigandi hýsingarrýmis.

Vægi slíkra athugasemda getur hins vegar verið mismunandi að alvarleika og því geta athugasemdir leitt til þriggja mismunandi niðurstaðna á grundvelli úttektarinnar. Þannig er alvarleiki athugasemdar flokkaður í *frávik*, *minniháttar frávik* og *án fráviks*. Mat á því hvort athugasemd taldist til fráviks, minniháttar fráviks eða án fráviks mun ráðast af öðrum eiginleikum úttektarandlags, svo sem eðli þess búnaðar sem þar er hýstur, staðsetningu hans í húsi o.fl. Þannig getur komið upp sú staða að athugasemd við sömu öryggisráðstöfun getur haft mismunandi vægi sökum mismunandi eiginleika þess búnaðar sem þar er hýstur, eiginleika rýmisins og/eða staðsetningu þess. Þannig getur það t.d. talist síður alvarlegt að rakaskynjara skorti í rými sem ekki hýsir virkan búnað ef þar væri mikilvægur virkur búnaðar hýstur.

Teljst vægi athugasemdar fela í sér *frávik* frá tilgreindum öryggisráðstöfunum eða kröfum 10. gr. reglna 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta, teljast vera brígdur á að Farice ehf. hafi tryggt, með fullnægjandi hætti, virkni eða raunlæga vernd fjarskiptanets síns í viðkomandi rými í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins, sbr. ákvæði 4. mgr. 7. framangreindra reglna, sbr. 4. gr. þeirra, 1. mgr. og c. -lið 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga. Mun Póst- og fjarskiptastofnun krefjast úrbóta á slíkum *frávikum* innan fjögurra mánaða.

Teljst vægi athugasemdar fela í sér *minniháttar frávik* frá tilgreindum öryggisráðstöfunum eða kröfum 10. gr. reglna 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta, telst Farice ehf. hafa tækifæri til að bæta öryggi, virkni eða raunlæga vernd fjarskiptanets síns í viðkomandi rými til frekara samræmis við öryggisráðstafanir félagsins, sbr. ákvæði 4. mgr. 7. framangreindra reglna, sbr. 4. gr. þeirra, 1. mgr. og c. -lið 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga. Mun Póst- og fjarskiptastofnun krefjast úrbóta á slíkum *minniháttar frávik* úrbóta innan tólf mánaða eða endurskoðunar á áhættumati hlutaðeigandi úttektarandlags og vali öryggisráðstafana m.t.t. þess. Teljist vægi athugasemdar vera *án fráviks* þá verða að vera til staðar aðrar öryggisráðstafanir sem vega upp skort á umræddri öryggisráðstöfun í viðkomandi rými eða eðli rýmis er með þeim hætti að rástöfun er mögulega óþörf. Póst- og fjarskiptastofnun mun ekki krefjast beinna úrbóta í slíkum tilvikum en beinir því þó til Farice ehf. að taka verður tilliti til athugasemdarinnar við næstu reglubundu endurskoðun áhættumats.

Verði ekki gerð athugasemd við öryggisráðstafanir rýmis telst Farice ehf. hafa gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virkni og raunlæga vernd fjarskiptanets síns í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins, ákvæði reglna nr. 1222/2007, sbr. c. -lið 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga.

Á grundvelli niðurstöðu vettvangsskoðunar, þ.e. vægi athugasemda og flokkunar í *frávik*, *minniháttar frávik* og *án fráviks* mun raunlægt vernd og virkni fjarskiptanets Farice ehf. metin heildrænt. Þannig telst vernd og virkni netsins vera í samræmi við öryggisráðstafanir Farice ehf., sbr. 5. mgr. 7. gr. og ákvæði 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, verði hlutfall *fráviks* ekki hærra en 10% af heildar öryggisráðstöfunum hlutaðeigandi hýsingarrýma landtökustaðar og samanlagt hlutfall

frávika og minniháttar frávika ekki hærra en 15% af heildar öryggisráðstöfunum hlutaðeigandi hýsingarrýma landtökustaðar.

Sé hlutfall *frávika* umfram 10% af heildar öryggisráðstöfunum hlutaðeigandi landtökustaðar eða samanlagt hlutfall *frávika og minniháttar frávika* sé umfram 15% af heildar öryggisráðstöfunum hýsingarrýma landtökustaðarins telst raunlæg vernd og virkni fjarskiptanets ekki hafa verið í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins sbr. 5. mgr. 7. gr. og ákvæði 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga.

IV.

Boðun úttektar og upplýsingaöflun

4.1 Fundir Póst- og fjarskiptastofnunar með aðilum

Póst- og fjarskiptastofnun boðaði fulltrúa Farice ehf. á fund, sem fram fór 8. febrúar 2018, þar sem fyrirhuguð úttekt á hýsingarrýmum landtökustaða var kynnt. Á fundinum var farið yfir það lagaumhverfi sem lýtur að öryggi fjarskiptaneta, sbr. á kvæði fjarskiptalaga og reglna nr. 1221/2007 og 1222/2007, sem og í hverju eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar felst. Var einnig fyrirhuguð úttektarferli kynnt. En slíkt ferli felst í afmörkun á úttektarandlagi, upplýsingaöflun, kynningu á skýrri aðferðarfræði úttektarinnar, formlegri boðun á úttekt, vettvangsskoðun þar sem úttektarandlag er skoðað og tekið út, skýrslugerð og heimfærslu niðurstöðu úttektar á lagaákvæði, andmælaréttur veittur á niðurstöðuskýrslu, og að lokum er gefin út lokaskýrsla og formleg stjórnarsýsluákvörðun.

Kynnti stofnunin fyrirætlan sína að taka út hýsingarrými landtökustaða beggja sæstrengja félagsins, þ.e. húsnæði Farice ehf. í Hallgeirsey í Landeyjum sem hýsir DANICE og Greenland Connect, og húsnæði Farice ehf. á Seyðisfirði sem hýsir FARICE-1. Upplýstu fulltrúar Farice ehf. að félagið sjálf ætti húsnæðið í Hallgeirsey, en leigir aðstöðu í húsnæði Mílu ehf. á Seyðisfirði. Það var því ljóst á þeim tímapunkti að kalla þyrfti aðila frá Mílu ehf. að borðinu og óska upplýsinga um öryggisskipulag félagsins er varðar hýsingarrými þess á Seyðisfirði.

Póst- og fjarskiptastofnun fundaði með fulltrúum Mílu ehf. þann 13. mars 2018, og fór yfir fyrirhugaða úttekt á hýsingarrýmum landtökustaðs FARICE-1 á Seyðisfirði. Var sérstaklega tilgreint að úttekt beindist ekki að Mílu ehf. heldur að Farice ehf. sem er ábyrgt fyrir öryggi sæstrengsins.

4.2 Gagnaöflun Póst- og fjarskiptastofnunar

Á framangreindum fundi með Farice ehf. var jafnframt farið yfir þau gögn sem að Póst- og fjarskiptastofnun hugðist óska eftir, þ.e. öryggisstefnu félagsins, áhættumati þess, skriflegum öryggisráðstöfunum og neyðaráætlun. Fram kom á fundinum að Farice ehf. væri að hefja endurskoðun á öryggi innviða sinna á grundvelli aðferðarfræði ISO 27001 staðalsins. Eins kom fram að til staðar væri öryggisstefna fyrir félagið, áhættumat og neyðaráætlun. En aftur á móti skorti skriflegar öryggisráðstafanir fyrir hýsingarrými í Hallgeirsey sem er í eigu Farice ehf., þótt í reynd væru til staðar valdar öryggisráðstafanir fyrir rýmið.

Í kjölfar fundarins með Farice ehf. óskað stofnunin formlega eftir umræddum gögnum, sbr. tölvupóst stofnunarinnar, dags. 8. febrúar 2018. Var óskað eftir framangreindum gögnum auk mögulegra annarra gagna sem félagið hefur útbúið, og eru liður í öryggi félagsins á raunlægum innviðum þess. Stofnuninni bárust öryggisstefna félagsins, áhættumat þess og neyðaráætlun

með tölvupóstum dags, 13. og 15. febrúar sl. Þá bárust stofnuninni öryggisráðstafanir fyrir hýsingarrými á Seyðisfirði þann 13. apríl sl., sbr. tölvupóst frá Mílu ehf.

Eftir frekari bréfaskipti, sér í lagi varðandi öryggisskipulag í Hallgeirsey, taldi taldi Póst- og fjarskiptastofnun að öll umbeðin gögn hefðu borist stofnuninni er varða öryggi sæstrengjanna. Væri því hægt að yfirfara gögnin sem og boða dagsetningu vettvangsskoðunar fyrir Hallgeirsey og Seyðisfjörð.

4.3 Boðun úttektar á raunlægu öryggi

Póst- og fjarskiptastofnun boðaði úttekt á raunlægu öryggi hýsingarrýma landtökustaða sæstrengja Farice ehf. með bréfi dags. 15. maí sl. Í bréfinu kom fram að stofnunin myndi taka út skriflegt öryggisskipulag Farice ehf. og raunlægt öryggi landökustaða sæstrengja Farice ehf. á Íslandi, sbr. 29. gr. reglna nr. 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. einnig 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Með boðunarbréfinu var Farice ehf. upplýst um þær lagalegu kröfur sem gerðar eru um öryggisskipulag til virkni almennra fjarskiptaneta sem félaginu ber að uppfylla. Þá var einnig fjallað um aðferðarfræði boðaðrar úttektar, þ.m.t. heimfærslu niðurstöðu úttektar yfir á lagaákvæði og kröfur sem hvíla á Farice ehf. Að lokum var félaginu boðið að gera athugasemdir við efni bréfsins.

Þá var sérstaklega tiltekið að stofnunin myndi, að teknu tilliti til mögulegra athugasemda, framkvæma boðaða úttekt á raunlægri vernd hýsingarrýma landtökustaða FARICE-1 og DANICE og að samráð yrði haft varðandi nánari dagsetningu úttektarinnar.

Stofnuninni bárust ekki athugasemdir við boðunarbréf stofnunarinnar en í tölvupósti Farice ehf. frá 29. maí sl. kemur fram að félagið hefði ekki í hyggju að setja fram athugasemdir við bréf stofnunarinnar.

V.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar

5.1 Trúnaður úttektarskýrslu

Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert ítarlega úttektarskýrslu um framkvæmd og niðurstöður úttektar á öryggisskipulagi Farice ehf. og á raunlægri vernd hýsingarrýma sæstrengja félagsins, DANICE og FARICE-1. Úttektarskýrslan, sem er viðauki við ákvörðun þessa, er bundin trúnaði.

Í þessum kafla ákvörðunarinnar verður því einungis gerð grein fyrir helstu niðurstöðum stofnunarinnar. Í fyrsta lagi heildarniðurstöðum úttektar á öryggisskipulagi félagsins og í öðru lagi fyrir hýsingarrýma DANICE annars vegar og FARICE-1 hins vegar. Ekki verður rakið við hvaða öryggisráðstafanir stofnunin gerði athugasemdir við enda getur það varðað hagsmuni Farice ehf. og öryggi viðkomandi hýsingarrýmis.

5.2 Úttekt á öryggisskipulagi

Líkt og fram hefur komið fundaði Póst- og fjarskiptastofnun með Farice ehf. þann 8. febrúar sl. og boðaði þar með að úttekt yrði gerð á öryggisskipulagi félagsins og hýsingarrýmum sæstrengja þess. Á þeim fundi kom fram að félagið inni að endurskoðun á öryggisskipulagi sínu. Sú vinna stendur yfir en stofnunin fékk senda nýja öryggisstefnu félagsins, ásamt nýju áhættumati og viðbragðsáætlun með tölvupósti þann 17. október sl. Hin nýju gögn eru þó ekki andlag úttektarinnar enda fór hún fram á vormánuðum 2018.

Í samræmi við markmið úttektarinnar var það ekki ætlun Póst- og fjarskiptastofnunar að leggja efnislegt mat á öryggisskipulag Farice ehf. Var markmið úttektarinnar fyrst og fremst að kanna hvort félagið uppfylli kröfur um gerð skriflegs öryggisskipulags samkvæmt 2. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga og ákvæði 7. gr. reglna 1221/2007 um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum, sbr. einnig 4. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á öryggisskipulagi Farice ehf. sýnir og hlítir þess við ákvæði reglna 1222/2007, sbr. einnig reglur 1221/2007, var eilítið ábótavant þegar úttekt var framkvæmd. Áhættumat félagsins er frá 2015 og hefur ekki verið klárað að fullu. Þá er ekki að finna sérstakar skriflegar öryggisráðstafanir sem valdar eru á grundvelli áhættumatsins. Eins virðist viðbragsáætlun þess ekki byggja með beinum hætti á áhættumatinu. Hins vegar var öryggisstefna félagsins frá síðari hluta árs 2016.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar verður að líta til þess að Farice ehf. hefur að mestu lokið heildstæðri endurskoðun á öryggisskipulagi félagsins. Stofnunin telur því eðlilegt, og í samræmi við almenn meðalhófssjónarmið, að taka tillit til þeirrar vinnu enda var vinnan hafin þegar úttekt stofnunarinnar hófst. Þrátt fyrir að ákveðnar brigður hafi verið á fullri fylgni við framangreind ákvæði fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda mun Póst- og fjarskiptastofnun ekki kveða á um að öryggisskipulag félagsins sé í ósamræmi við umræddar reglur. Mun stofnunin hins vegar áfram fylgjast með framgangi vinnunnar og fylgja því eftir að sú vinna leiði til þess að fullt og heildstætt samræmi verði í uppbyggingu þess við þær kröfur sem fjarskiptalög og afleiddar réttarheimildir gera til öryggisskipulags fjarskiptafyrirtækja.

5.2 Úttekt á hýsingarrýmum DANICE og FARICE-1

Þann 1. júní sl., sendi Póst- og fjarskiptastofnun tölvupóst til Farice ehf. og Mílu ehf. og lagði til að farið yrði í úttekt í Hallgeirsey miðvikuaginn 6. júní kl. 13:00 og á Seyðisfirði fimmtudaginn 7. júní kl. 10:00. Féllust aðilar á þessar tillögur stofnunarinnar.

Fór úttekt á hýsingarrýmum DANICE í Hallgeirsey á framangreindum tíma að viðstöddum tæknimanni Farice ehf. Þá fór úttekt á hýsingarrýmum FARICE-1 á Seyðisfirði fram á áður nefndum tíma að viðstöddum tæknimanni Farice ehf. og starfsmanni Rafeyjar ehf., sem var fulltrúi Mílu ehf.

5.2.1 Hýsingarrými DANICE í Hallgeirsey

Húsnæði Farice ehf. í Hallgeirsey á Landeyjarsandi var sérstaklega byggt sem landtökustaður sæstrengja. Húsnæðið er í eigu félagsins og hýsir tvo sæstrengi, þ.e. DANICE sem er í eigu félagsins og fór í rekstur árið 2009, og Greenland Connect sem er í eigu TELE Greenland.

DANICE sæstrengur Farice ehf. tengist landstreng Mílu ehf. inn í landtökuhúsnæðinu. Það eru svo tvær landleiðir frá Hallgeirsey til mismunandi þjónustustaða (POP) Farice ehf. Önnur landleiðin fer til Hvolsvallar og áfram til Reykjavíkur en hin fer meðfram suðurströnd landsins til Suðurnesja. Þjónustustaðir Farice ehf. eru fjórir, þ.e. á Suðurlandsbraut í Reykjavík, í Norðurfelli í Reykjavík, hjá Verne Data Center á Keflavíkurlflugvelli og Thor-Advanía gagnaveri í Hafnarfirði. Líkt og áður greinir eru landstrengir Mílu ehf., sem Farice ehf., veitir í raun þjónustu um, ekki andlag úttektar þessarar.

Húsnæðið skiptist í samtals 12 rými. Andlag úttektar voru þó einungis níu rými en úttektin náði ekki til þriggja sem tilheyrta Greenland Connect strengnum. Alls voru 136 öryggisráðstafanir skoðaðar, sbr. ákvæði 10. gr. reglna nr. 1222/2007 og tiltekna öryggisráðstafanir skv. gögnum Farice ehf. og gerði stofnunin 41 athugasemd. Leiddu tíu athugasemdir til fjögurra frávíka, 12.

athugasemdir leiddu til sex minniháttar frávika og 19 athugasemdir leiddu til 13 atriða sem töldust án frávika

Úttekt á rýminu leiðir í ljós að almennt er öryggi umræddra rýma vel háttað. Þótt tíu athugasemdir hafi leitt til fjögurra *frávika* þá varða athugasemdirnar í raun skort á sömu öryggisráðstöfun, þ.e. skort á takmörkun á aðgengi úr hliðarrýmum, [...]¹. Verður Farice ehf. að bregðast við þessu innan fjögurra mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Þá leiddu 12 athugasemdir til sex *minniháttar frávika*. Í raun vörðuðu tíu athugasemdir skort á sömu öryggisráðstöfunum og leiddu til frávika [...]². Verður Farice ehf. að bregðast við umræddum minniháttar frávikum innan 12 mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar með því, annað hvort, a) að bæta úr viðkomandi athugasemd, eða b) gera endurmat á áhættu rýmisins m.t.t. athugasemdarinnar, sbr. fylgiskjal 2 við niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar, sbr. viðauka við ákvörðun þessa, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Líkt og fram hefur komið er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að nítján athugasemdir stofnunarinnar leiði til 13 atriða sem teljast án frávika. Verður Farice ehf. að taka þau atriði til skoðunar við næstu reglubundnu endurskoðun áhættumats, sbr. fylgiskjal 3 við úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Hlutfall frávika var **2,94%** af heildaröryggisráðstöfunum þeirra rýma sem voru andlag úttektarinnar. Er það töluvert lægra en 10% viðmiðunarmörk samkvæmt aðferðarfræði úttektarinnar. Hlutfall minniháttar frávika var 4,41% af heildaröryggisráðstöfunum þeirra rýma sem voru andlag úttektarinnar. Samanlagt hlutfall frávika og minniháttar frávika var því **7,35%** af heildaröryggisráðstöfunum úttektarinnar sem er einnig töluvert lægra en 15% viðmiðunarmörk samkvæmt aðferðarfræði úttektarinnar.

Það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að raunlæg vernd í áður tilgreindum rýmum Farice ehf. fyrir sæstrenginn DANICE í húsnæði félagsins í Hallgeirsey í Landeyjum sé í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins, ákvæði fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda, með framangreindum frávikum, sbr. fylgiskjöl 1 og 2 í viðauka við ákvörðun þessa.

5.2.2 Hýsingarrými FARICE-1 á Seyðisfirði

Farice ehf. leigir aðstöðu í húsnæði Mílu ehf. á Seyðisfirði. Þar kemur sæstrengurinn FARICE-1 fyrst í hús og tengist við innanlandskerfi. Húsnæðið sjálft er ekki sérstaklega byggt sem fjarskiptarými fyrir sæstrengi líkt og húsnæði Farice ehf. í Hallgeirsey er. Þar eru aðstæður því nokkuð ólíkar þótt aðal tækjarými hússins sé vel afmarkað og öryggi þess nokkuð gott.

FARICE-1 sæstrengur Farice ehf. tengist landstreng Mílu ehf. inn í tækjarýminu. Það eru svo tvær landleiðir frá Seyðisfirði til mismunandi þjónustustaða (POP) Farice ehf. Strax í upphafi greinist landleiðir í tvennt og fara tveir strengir yfir Fjarðarheiði og til Egilsstaða. Þar er svo leið til norðurs og til suðurs, báðar leiðir fara á suðvesturhornið. Líkt og áður greinir eru landstrengir Mílu ehf., sem Farice ehf., veitir í raun þjónustu um, ekki andlag úttektar þessarar.

Húsnæðið skiptist í samtals átta rými. Andlag úttektar voru þó einungis sjö rými en úttektin náði ekki til eins rýmis sem hýsir tengigrind Mílu, þ.e. rými 3. Alls voru 115 öryggisráðstafanir skoðaðar, sbr. ákvæði 10. gr. reglna nr. 1222/2007 og tilteknar öryggisráðstafanir skv. öryggisskipulagi Mílu ehf. og gerði stofnunin 41 athugasemd. 55 athugasemdir sem leiddu til

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

fjögurra frávika, sex minniháttar frávika og 19 án frávika. Sex athugasemdir leiddu til fjögurra frávika. Fimmtán athugasemdir leiddu til sex minniháttar frávika. Þrjátíu og fjórar athugasemdir leiddu til nítján atriða sem töldust án frávika

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á tilgreindum rýmum leiðir í ljós að öryggi helsta tækjarýmisins, þar sem sæstrengurinn kemur inn og tengist við innanlandskerfi, er mjög vel háttað. Var einungis gerð ein athugasemd af hálfu stofnunarinnar sem taldist vera án frávika. [...]³. Það voru sex athugasemdir sem leiddu til fjögurra *frávika*. [...]⁴. Verður Farice ehf. að bregðast við umræddum frávikum, sbr. fylgiskjal 1 við niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar, sbr. viðauka við ákvörðun þessa, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar

Þá leiddu 15 athugasemdir til sex *minniháttar frávika*. [...]⁵. Verður Farice ehf. að bregðast við umræddum minniháttar frávikum innan 12 mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar með því, annað hvort, a) að bæta úr í samræmi við viðkomandi athugasemd, eða b) gera endurmat á áhættu rýmisins m.t.t. athugasemdarinnar, sbr. fylgiskjal 2 við niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar, sbr. viðauka við ákvörðun þessa, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Líkt og fram hefur komið er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þrjátíu og fjórar athugasemdir leiddu til nítján atriða sem töldust án frávika. Verður Farice ehf. að taka þau atriði til skoðunar við næstu reglubundnu endurskoðun áhættumats, sbr. fylgiskjal 3 við úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Hlutfall frávika var **3,48%** af heildaröryggisráðstöfunum þeirra rýma sem voru andlag úttektarinnar. Er það töluvert lægra en 10% viðmiðunarmörk samkvæmt aðferðarfræði úttektarinnar. Hlutfall minniháttar frávika var 5,22% af heildaröryggisráðstöfunum þeirra rýma sem voru andlag úttektarinnar. Samanlagt hlutfall frávika og minniháttar frávika var því **8,70%** af heildaröryggisráðstöfunum úttektarinnar sem er einnig töluvert lægra en 15% viðmiðunarmörk samkvæmt aðferðarfræði úttektarinnar.

Það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að raunlæg vernd í áður tilgreindum rýmum Farice ehf. fyrir sæstrenginn DANICE í húsnæði Mílu ehf. á Seyðisfirði sé í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins, ákvæði fjarskiptalaga og afleiddra réttarheimilda, með framangreindum frávikum, sbr. fylgiskjöl 1 og 2 í viðauka við ákvörðun þessa.

VI. Athugasemdir aðila

6.1 Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun bauð Farice ehf. að gera athugasemdir við drög að úttektarskýrslu stofnunarinnar og boðaðar niðurstöðu. Þá var Mílu ehf. jafnframt boðið að gera athugasemdir við drög að úttektarskýrslu stofnunarinnar og boðaðar ákvörðunar á grundvelli hennar er varðar húsnæði félagsins á Seyðisfirði. Þá fundaði stofnunin með fulltrúum aðila þar sem boðaðar niðurstöður og skýrsludrög voru kynnt.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

Í kafla V hér að framan er að finna niðurstöður Póst- og fjarskiptastofnunar á úttekt hennar. Í þeim niðurstöðum hefur verið, eftir því sem við á, tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu við boðaða niðurstöðu stofnunarinnar og skýrsludrög hennar.

6.2 Öryggisskipulag Farice ehf.

Stofnuninni bárust athugasemdir frá Farice ehf., sbr. bréf dags. 8. október sl. Vörðuðu athugasemdir félagsins eingöngu húsnæði þeirra í Hallgeirsey. Þá bárust stofnuninni sama dag skjöl er innihéldu nýja öryggisstefnu félagsins, áhættumat þess og viðbragðsáætlun.

Farice ehf. gerði ekki sérstakar athugasemdir við boðaða niðurstöðu stofnunarinnar er varðaði úttekt á öryggisskipulagi félagsins. Aftur á móti áréttaði félagið að það hefði farið í ítarlega vinnu við endurskoðun á öryggisskipulagi sínu. Taldi stofnunin eðlilegt að þess yrði getið í lokaskýrslu hennar þótt það hafi ekki bein áhrif á niðurstöðu úttektarinnar.

6.3 Hýsingarrými Farice ehf.

6.3.1 Hallgeirsey

Líkt og áður segir bárust Póst- og fjarskiptastofnun athugasemdir frá Farice ehf., sbr. bréf dags. 8. október sl., við boðaðri niðurstöðu stofnunarinnar og skýrsludrögum hennar. Vörðuðu athugasemdir félagsins eingöngu húsnæði þeirra í Hallgeirsey.

Ekki eru gerðar athugasemdir við heildarniðurstöðu úttektarinnar en í bréfi Farice ehf. eru sett fram viðbrögð og/eða skýringar við hvort tveggja *frávikum* og *mínniháttar frávikum* sem finna mátti í skýrsludrögum stofnunarinnar og boðaðri niðurstöðu. [...]⁶.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur farið yfir athugasemdir félagsins og tekið tillit til þeirra eftir fremsta megni og eftir því sem við á. Í niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar, sbr. viðauki við ákvörðun þessa, má sjá að frávikagreining hefur tekið ákveðnum breytingum m.t.t. til athugasemda félagsins.

6.3.2 Seyðisfjörður

Póst- og fjarskiptastofnun bárust athugasemdir frá Mílu ehf. varðandi húsnæði félagsins á Seyðisfirði með tölvupósti, dags. 2. nóvember sl. Eru þar settar fram viðbrögð, athugasemdir og skýringar við einstök frávik, mínniháttar frávik og flokk athugasemda er töldust án frávika.

Ekki eru gerðar athugasemdir við heildarniðurstöðu úttektarinnar [...]⁷.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur farið yfir athugasemdir félagsins og tekið tillit til þeirra eftir fremsta megni og eftir því sem við á. Í niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar, sbr. viðauki við ákvörðun þessa, má sjá að frávikagreining hefur tekið ákveðnum breytingum m.t.t. til athugasemda félagsins.

VII.

Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar



Póst- og fjarskiptastofnun áréttar að almennt sýnir úttekt stofnunarinnar að raunlægt öryggi hýsingarrýma Farice ehf. er í langflestum tilfellum í samræmi við öryggisráðstafanir félagsins, sbr. 7. gr. reglna nr. 1222/2007, um raunlæga vernd fjarskiptaneta og valin lágmarksviðmið 10. gr. sömu reglna, sbr. einnig öryggisráðstafanir í gögnum Farice ehf. og valdar

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.


⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

öryggisráðstafanir samkvæmt öryggisskipulagi Mílu ehf. Stóðust bæði hýsingarrými Farice ehf. úttekt stofnunarinnar samkvæmt aðferðafræði hennar.

Þótt þó nokkrar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar þá og eiga margar af þeim sér ákveðnar skýringar. Alls gerði stofnunin 96 athugasemdir sem leiddu til samtals 52 mismunandi tegunda frávíka. Póst- og fjarskiptastofnun metur að athugasemdir stofnunarinnar leiði til 8 *frávika*, sem bæta þarf úr innan fjögurra mánaða, 12 *minniháttar frávíka* sem bregðast þarf við innan tólf mánaða og 32 atriða sem töldust *án frávíka* og leiða ekki til sérstakra viðbragða af hálfu Farice ehf. Á myndinni hér að ofan má sjá skiptingu á mismunandi tegundum frávíka eftir hýsingarstöðum.



Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er nauðsynlegt að skoða athugasemdir stofnunarinnar og flokkun frávíka með heildstæðum hætti. Gefur það betur til kynna hvernig öryggisástandi er háttáð á landtökustöðum DANICE og FARICE-1. Alls voru um 250 öryggisráðstafanir skoðaðar í þeim rýmum sem að úttektin náði til. Á myndinni hér til hliðar má sjá hlutfall allra tegunda frávíka af heildaröryggisráðstöfunum allra hýsingarrýmanna. Af því má sjá að hlutföll frávíkategunda eru tiltölulega lág.



Hvort tveggja hlutfall frávíka sem og samanlagt hlutfall frávíka og minniháttar frávíka af heildar öryggisráðstöfum var undir skilgreindum viðmiðunarmörkum skv. aðferðafræði úttektarinnar á báðum landtökustöðum sæstrengja Farice ehf.

Raunlæg vernd hýsingarrýma landtökustaða sæstrengja Farice ehf., þ.e. DANICE í Hallgeirsey og FARICE-1 á Seyðisfirði telst því vera í samræmi við þau lágmarksviðmið sem finna má í 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og, hvað varðar DANICE í Hallgeirsey, í samræmi við öryggisráðstafanir samkvæmt gögnum Farice ehf. og, hvað varðar FARICE-1 á Seyðisfirði, í samræmi við öryggisráðstafanir Mílu ehf. sbr. 5. mgr. 7. gr., sbr. 3. tl. 7. gr. reglna nr. 1221/2007 um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga.

Líkt og áður hefur komið fram þarf Farice ehf. að bregðast við mismunandi tegundum frávíka með mismunandi hætti. Þannig verður félagið að bregðast við *frávikum*, sbr. fylgiskjal 1 við úttektarskýrsluna, innan fjögurra mánaða. Félagið verður að bregðast við *minniháttar frávikum*, sbr. fylgiskjal 2 við úttektarskýrsluna, innan tólf mánaða. Þá þarf félagið að bregðast við athugasemdum sem töldust *án frávíka*, sbr. fylgiskjal 3 við skýrsluna við næstu endurskoðun áhættumats hlutaðeigandi rýmis.

Ákvörðunarorð

Farice ehf. hefur leitast við að fullnægja kröfum 2. mgr. 47. gr. fjarskiptala nr. 81/2003, ákvæðum II. og III. kafla reglna nr. 1222/2007, um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 7. gr. reglna nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum. Farice ehf. skal upplýsa Póst- og fjarskiptastofnun um stöðu vinnu við gerð skriflegra öryggisráðstafana á grundvelli áhættumats, innan þriggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar sem og um framgang vinnunnar en þó a.m.k. á þriggja vikna fresti frá og með þeirri dagsetningu.

Raunlæg vernd hýsingarrýma landtökustaða sæstrengja Farice ehf., þ.e. DANICE í Hallgeirsey og FARICE-1 á Seyðisfirði, er í samræmi við lágmarksviðmið 10. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og, hvað varðar DANICE í Hallgeirsey, í samræmi við öryggisráðstafanir samkvæmt gögnum Farice ehf. og, hvað varðar FARICE-1 á Seyðisfirði, í samræmi við öryggisráðstafanir Mílu ehf. sbr. 5. mgr. 7. gr., sbr. 3. tl. 7. gr. reglna nr. 1221/2007 um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum, sbr. 2. og 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga.

Farice ehf. skal bregðist við þeim athugasemdum sem teljast til *frávíka*, sbr. fylgiskjal 1 við úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Farice ehf. skal bregðist við þeim athugasemdum sem teljast til *minniháttar frávíka*, sbr. fylgiskjal 2 við úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar, innan tólf mánuði frá dagsetningu ákvörðunar þessarar með því annað hvort:

- a) *bæta úr í samræmi við viðkomandi athugasemd, eða*
- b) *gera endurmat á áhættu rýmisins m.t.t. til athugasemdarinnar.*

Farice ehf. skal taka til skoðunar, við næstu reglubundnu endurskoðun áhættumats, atriði er töldust *án frávíka*, sbr. fylgiskjal 3 við úttektarskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og

fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 7. desember 2018

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir

Viðauki:

Úttektarskýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 7. desember 2018 – *Trúnaðarmál*.